

Skýrsla reiðveganeftndar Skugga starfsárið 2015-2016

Nefndina skipa: Bjarni Johansen, Guðjón Guðlaugsson, Jón Guðjónsson, Stefán Þorsteinsson og Marteinn Valdimarsson sem er formaður hennar.

Nefndin fór að venju yfir og uppfærði fjögurra ára framkvæmda- og kostnaðaráætlun um reiðvegagerð á vegum félagsins, jafnframt því að ganga frá umsókn um reiðvegafé á þessu ári. Áætlunin hefur lítið breyst, bæði vegna þess að lítið miðar og nýjum verkefnum ekki bætt við.

Áætlunin gerir ráð fyrir lagningu alls um 9 km. reiðvega, sem kosta muni um 31 millj. króna. Sótt var um til eins verkefnis, Skilklettur-Langá, auk viðhalds samtals 1.350.000 kr. Ennfremur um 700.000 kr. til ferðaleiða, eða til endurbyggingar gerðisins í Stangarholti.

Úthlutun lá fyrir í apríl, s.l. Í okkar landshluta sem nær frá Hvalfirði í Hrutafjörð komu 6.000.000 kr. Var þeim skipt jafnt á milli félaganna á svæðinu og komu 857.000 kr. í hlut. Ekkert fé fékk til endurbyggingar gerðisins í Stangarholti.

Í lok s.l. árs kom í ljós að Glaður hafði ekki náð að nýta sína úthlutun. Samþykktu Glaðsmenn að leyfa okkur að nota 500.000 kr. af sínu framlagi. Þá þegar var keypt efni til þess að bera ofan í leiðina frá Skilkelti að Langá. Efnið var keyrt út nokkru síðar með loforði um greiðslu þegar úthlutun þessa árs lægi fyrir. Nokkuð dróst að fá efnið brotið, en það var gert í júlí, s.l. Eysteinn á Högnastöðum heflað efnið í veginum í röst, sem síðan var brotið af verktaka Vegagerðarinnar. Alls kostaði þetta 760.000 kr.

Á árunum 2014, 2015 og 2016 hefur 632 rúmmetrum verið ekið í reiðveginn frá Skilkelti að Langá og til hans varið alls 2.620.000 kr. á þessum árum, sem gerir 4.146 kr./m³ eða um 1.500.000 kr./ km. Hafa ber í huga að var búið að setja töluvert efni í þennan veg áður.

Þar sem við áttum óráðstafað dálítilli upphæð af úthlutuðu reiðvegafé, var tekin ákvörðun um að láta brjóta efnið í reiðveginum á milli Lækjarkots og Brennistaða, þó að í hann vanti meiri ofanburð. Kostnaður var 66.000 kr. Við það varð efnið mjög gljúp og því hefði verið æskilegt að valtra hann, sem ekki tókst.

Á fundi nefndarinnar í febrúar, s.l. var rædd sú hugmynd, sem verið hefur uppi um langinu mótorkrossbrautar í nágrenni reiðvegarins niður að Ólafsvíkurvegi. Nefnarmenn voru sammála um að algjört skilyrði, af hálfu félagsins, fyrir lagningu brautarinnar á þessum stað sé að sveitarfélagið leggi nýjan reiðveg vestan flugbrautarinnar og ofan Kárastaðatúnsins. Betri kostur er e.t.v. að leggja nýjan reiðveg vestan nýju Kárastaða ef af verður.

Borgarnesi, 20. nóvember, 2016.

Marteinn Valdimarsson